

Múlaþing  
Sóley Valdimarsdóttir  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 13. október 2022  
UST202209-221/B.S.  
10.04.02

**Efni: Tillaga – Breyting - Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008 - 2028 - námur vegna vegagerðar – Axarvegur**

Vísað er til erindis Múlaþings dags. 22. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna aukinnar á efnistöku og nýjum námum vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Axarveg.

Umhverfisstofnun telur að leggja þurfi meiri áherslu á að móta bergnámur við efnistöku þannig að ásýnd að efnistöku lokinni falli að svipmóti lands í stað þess að skilja þannig við námurnar að augljóst verður um alla framtíð að hér er um raskaðar jarðmyndanir að ræða sem stinga í stúf við umhverfi vegarins.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Axel Benediktsson,  
*sérfræðingur*